

**Þrefaldur
1. vinningur**

Lotto

Þyrtir kl. 20:20 í kvöld

**FRÉTTASKOTIÐ
SÍMINN SEM ALDREI SEFUR**


Hafir þú ábendingu eða vitneskju um frétt, hringdu þá í síma 550 5555. Fyrir hvert fréttaskot, sem birtist eða er notað í DV, greiðast 3.000 krónur. Fyrir besta fréttaskotið í hverri viku greiðast 7.000. Fullrar nafnleyndar er gætt. Við tökum við fréttaskotum allan sólarhringinn.

550 5555

DV

FRJÁLST, ÓHÁÐ DAGBLAÐ

LAUGARDAGUR 13. SEPTEMBER 1997



Muhammad Ali er að öllum líkindum á leið til Íslands.

Muhammad Ali til Íslands?

Muhammad Ali, fyrrverandi heimsmeistari í þungavigt í hnefaleikum er að öllum líkindum væntanlegur til Íslands á næstu vikum.

Muhammad Ali er einn frægasti hnefaleikamaður sögunnar. Hann er nú 55 ára gamall en hefur þjáðst undanfarin ár af hinna illskæðu Parkinson-veiki.

Styrktaraðili Ali í Bandaríkjunum á í viðskiptum við fyrirtækið Íslenskt eðalsalt á Reykjanesi. Samkvæmt heimildum DV er heimsóknin tengd þeim viðskiptum. Ekki náðist í Sigurð Halldórsson, eiganda Eðalsalts, í gær. Stefnt er að því að Ali fari m.a. í nudd í Bláa lóninu og ýmislegt fleira.

-RR

Opel Corsa

frá kr. 980.000.-

OPEL

-þýskt eðalmerki

Bílheimar ehf.

Sævarhöfða 2a Sími: 525 9000

ERU ÞETTA NÝJAR
AÐGERÐIR Í
BYGGÐAMÁLUM?

LOKI

Heldur Hríseyingum í heljargreipum

– lögreglan á Dalvík getur ekkert aðhafst

DV, Akureyri:

„Það er algjört skaðræði að hafa þennan mann í eyjunni. Hann er alltaf blindfullur, sér engan í friði og fólk sem mætir honum úti á götu eða hvar sem er fær yfir sig óbótaskammir og svívörðingar. Það hefur gengið svo langt að konur hafa flúið grátandi undan honum,“ segir einn viðmælendi DV í Hrísey en þar hefur að undanfögnu ríkt hálfgerð „neyðarástand“ vegna karlmanns á sjötugsaldri sem dvelur í eyjunni um stundarsakir.

Maðurinn á hús í Hrísey og

dvelur þar af og til. Viðmælendur DV segja að hann geri sér engan mannamun þegar hann er undir áhrifum áfengis, hann ráðist með skömmum og svívörðingum á alla sem á vegi hans verða. Einn þeirra sem hefur orðið fyrir barðinu á honum er Gunnar Jónsson sveitarstjóri.

„Það er rétt að maðurinn kom þar að sem ég var að mála húsið sem ég bý í. Hann réðst þar á mig með orðbragði sem ekki er prent hæft og því líkum svívörðingum að það er hreint ótrúlegt. Það versta var þó að ungur sonur minn og vinur hans hlustuðu á það sem

fram fór og mér líður virkilega illa út af því.


Morguninn eftir kom maðurinn á skrifstofu mína til að sækja fundargerð en hreppsnefndin hafði tekið fyrir erindi hans um að byggja 1,80 m girðingu á lóðarmörkum sínum og hafnað því að hluta til, en samþykkt á kafla 1,30 m háa girðingu. Hann las ekki fundargerðina en hóf að ausa yfir mig svívörðingum, steytti hnefa og lét vægast sagt ófriðlega. Ég hef aldrei heyrt annað eins og þetta,“ segir Gunnar Jónsson sveitarstjóri.

Kona sem vinnur í sparisjóð-

um í Hrísey, sem er í sama húsi og skrifstofa Gunnars, heyrði hvað á gekk. Leist henni ekki betur á en svo að hún læsti dyrunum að sparisjóðum og þorði ekki að opna fyrir en maðurinn var farinn.

Lögreglan á Dalvík staðfesti að kvartanir hefðu borist vegna mannsins. Lítið hefði hins vegar verið hægt að gera til þessa þar sem maðurinn hefði t.d. ekki lagt hendur á fólk en það mun vera í athugun hjá lögregluþvirköldum hvernig hægt sé að taka á því vandamáli sem þessi fullorðni maður er í Hrísey.

-gk



Pau voru ánægð á svip, hjónin Kristín Pedersen og Hans Kristján Árnason, við opnun nýja gallerísins Dada við Kirkjuhvol síðdegis í gær. Unga stúlkan á myndinni heitir Ástríður Viðarsdóttir og er dóttir Kristínar. Verkið er eftir Magnús Tómasson. Gallerið hefur göngu sína með sýningu á verkum 30 af fremstu listamönnum þjóðarinnar. DV-mynd Harir

Ragna Lóa enn á gjörgæslu

Ragna Lóa Stefánsdóttir, knattspyrnukona úr KR, var enn á gjörgæsludeild Sjúkrahúss Reykjavíkur í gærkvöld.


Ragna

Lóa fótbrotnaði sem kunnugt er í landsleik Íslands og Úkraínu um síðustu helgi. Að sögn lækna fékk Ragna Lóa svokallaða íferð í lungu, sem á

sér oft stað vegna breytinga í lungum við alvarleg beinbrot. Ragna Lóa fótbrotnaði eftir að hún lenti í slæmu samstuði við leikmann úkraínska liðsins. Þess má geta að KR-stúlkur urðu Íslandsmeistarar sl. miðvikudag og tileinkuðu sigurinn þjálfara sínum, en hún átti afmæli sama dag.



Ragna Lóa Stefánsdóttir, þjálfari og leikmaður KR.



Veður á morgun og mánudag:

Viðast rigning

Á morgun verður austan- og suðaustanstinningskaldi eða allhvasst og víða rigning en hægari og úrkomulítið á Norðurlandi. Hiti verður 6 til 12 stig.

Á mánudag verður norðaustan- og síðan norðankaldi eða stinningskaldi og rigning eða skúrir viðast hvar. Hiti 4 til 10 stig, hlýjast sunnanlands.

Veðrið í dag er á bls. 57.